



Ræða
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í móttöku til heiðurs Haraldi V Noregskonungi
Ósló
22. mars 2017

Yðar hátign Haraldur V
Yðar hátign Sonja drottning
Yðar konunglegu tignir
góðir gestir, kæru vinir

Það er okkur Elizuz sérstök ánægja og heiður að taka á móti ykkur hér í tilefni af opinberri heimsókn okkar til Noregs.

Þakkir okkar fyrir frábærar móttökur hér í Ósló eru einlægar og vinátta Yðar í garð Íslendinga hefur snert okkur djúpt.

Við önnur tækifæri í þessari heimsókn er vikið að ýmsu sem tengir Norðmenn og Íslendinga á sviði stjórn mála og sögu miðalda, óslitnum þræði frá því að norskir höfðingjar og bændur slógu eign sinni á ónumda eyju í miðju Atlantshafi. Sagan segir til að flýja skattheimtu nafna Yðar, Haraldar hárfagra; Ísland þar með fyrsta skattaparadísinn, en þá sögu rekjum við ekki hér. Tengslin á síðari öldum hafa sömuleiðis verið margþætt, meðal annars á sviði atvinnulífs. Íslendingar sóttu verklega þekkingu til Noregs þegar á nítjándu öld, lærðu af Norðmönnum ýmislegt um síldveiðar, hvalveiðar, humar og annað sjávarfang en við höfum líka sótt til ykkar menntun, ekki síst í tæknigreinum, svo sem verkfræði og arkitektúr, sem og í landbúnaði og skógfræði. Fyrir allt þetta viljum við þakka.

Stundum þegar ég hef átt samskipti við Norðmenn hefur sú hugsun leitað á mig hve líkar þessar tvær þjóðir eru um margt. Einn kunningi minn íslenskur sem komið hefur að fiskveiðisamningum við ykkur Norðmenn til margra ára sagði einu sinni mæðulega eftir harða

samningalotu: „Þeir eru alveg hrikalegir þessir Norðmenn, óbilgjarnir og hreint út sagt frekir! – Alveg eins og við.“

Íslendingar og Norðmenn eru sæfarar, fiskveiðipjóðir, tungumálin náskyld – raunar svo að mér er sagt að maður geti bjargað sér á íslensku á vissum stöðum á Vesturlandinu enn - báðar þjóðirnar standa utan Evrópusambandsins en eiga samleið á Evrópska efnahagssvæðinu og samskiptin innan norræns samstarfs eru mikil og greið.

Og einmitt vegna þess hve margt er líkt með okkur frændum gæti kannski verið áhugaverðara að hugleiða hvað það er sem er ólíkt með þjóðunum heldur en hugsa um hitt sem er líkt með þeim.

En ef ég leiði hugann að því sem er sérstakt við Norðmenn lendi ég umsvifalaust í klisjum og staðalímyndum. Því miður. Ég fer strax að hugsa um fólk í þjóðbúningum sem rennir sér á gönguskíðum eftir vinnu, rjótt í kinnum með lítinn bakpoka, síhugsandi um fjallakofann sinn.

Ég ætla nú ekki að vera með hallærislegan meting við Norðmenn en ég verð að nefna að það er með nokkru stolti sem ég get sagt að við Íslendingar höfum nú lokið þjálfun á sænskum þjálfara karlalandsliðsins ykkar í knattspyrnu og afhentum ykkur hann nýlega með ánægju. Hann er tilbúinn. – Já og ef hann bætir ekki árangur norska landsliðsins í knattspyrnu karla þá er það augljóslega ekki okkar sök!

En ég var að tala um hvað er helst ólíkt með Íslendingum og Norðmönnum. Það er eitt annað sem ég vil nefna sem kannski skilur á milli þjóðanna – og auðvitað er ekki stuðst við neinar vísindalegar rannsóknir á málinu hér, heldur bara tilfinningu og sögusagnir – en mér skilst að Norðmenn séu einstaklega fundaglöð þjóð. Norðmenn haldi reglulega og langa fundi, þar sé þess vandlega gætt að allir fái orðið, og svo þess að enginn setji sig á háan hest og þykist ráða yfir hinum. Á einni vefsíðu, sem ég rakst á, er fullyrt að það sé algengt í Noregi að haldnir séu langir fundir um það hvernig megi fækka fundum í fyrirtækinu.

Íslendingar aftur á móti hafa tilhneigingu til að telja langa fundi tímasóun og skilja með öðrum orðum ekki alltaf gildi þess að undirbúa framkvæmdir af kostgæfni. Okkur hættir til að göslast áfram í ákafa, byrja bara strax og segjum þá stundum „þetta reddast!“ í bjartsýni. Bjartsýnin og kappið kemur okkur stundum í koll.

En mig langar að ljúka þessum orðum á þökkum. Rifja upp þann innblástur sem það varð Íslendingum þegar Norðmenn héldu þjóðfund, settu sér stjórnarskrá og lýstu yfir fullveldi á Eiðsvelli árið 1814, rifja upp frábær bókmenntaverk sem bárust í stríðum straumum frá Noregi til

Íslands frá allt frá Ibsen, Björnson og Undset til Herbjörg Wassmo, Åsne Seierstad – og einnig Margit Sandemo, listinn er miklu lengri. Má ég kannski líka nota tækifærið og þakka fyrir Grieg og Munch; eða ætti ég frekar að nefna Fleksnes sem var svo vinsæll á mínum ungdómsárum, eða Bobbysocks sem slógu í gegn í þann tíð? Reyndar mætti bæta við að sá flinkí listamaður Aleksander Rybak skemmti okkur með tónleikum í Reykjavík nú á laugardaginn. Að lokum stenst ég ekki mátið og nefni þakkarskuld mína við Thorbjørn Egner og Christian Hartmann. Kvöld eftir kvöld hef ég raulað vögguvísu þeirra með börnunum, í frábærri þýðingu Kristjáns frá Djúpalæk:

Dvel ég í draumahöll
og dagana lofa.
Litlar mýs um löndin öll
liggja nú og sofa.
Sígur ró á djúp og dal,
dýr til hvílu ganga.
Einnig sofna skolli skal
með skottið undir vanga

– „Til góðs vinar liggja gagnvegir,“ segir í Hávamálum.

Takk Noregur!

Ég bið viðstadda að lyfta glösum til heiðurs Hans Hátign Haralds konungi og Sonju drottningu.